

Nd.

## 32. Frumvarp til laga

[32. mál]

um eftirlaun til aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

### I. KAFLI

#### Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

##### 1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem ákveðið er í þessum kafla. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1973, um atvinnuleysisstryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

##### 2. gr.

Rétt til eftirlauna samkvæmt þessum kafla eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.
- b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.

##### 3. gr.

Nú verður félagi, er uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt á örorkulífeyri úr lífeyrissjóði, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 2. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabíl. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

##### 4. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysdagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

#### 5. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlast gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

#### 6. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsg. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslaunin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsg. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1.1 stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðst er við skattframtal.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðalta! stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en 1.1 stig, sbr. 2. málsg.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsg. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur félaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

## II. KAFLI

### Almenn eftirlaun til aldraðra.

#### 7. gr.

Aldraðir menn, sem ekki eiga rétt samkvæmt I. kafla þessara laga né II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, eiga rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- c. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 11. gr.

8. gr.

Nú verður maður, sem fæddur er árið 1914 eða fyrr, eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði án þess þó, að örorkulífeyrisréttur skapist samkvæmt 3. gr. laga þessara eða 17. gr. laga nr. 101/1970, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við c-lið 7. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabíl. Hafi hinn látni verið félagi í lífeyrissjóði, er það skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

9. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. b-lið 7. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar atvinnutekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysdagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af öflun atvinnutekna, á ný að afla slíkra tekna, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur nefndum tekjum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. b-lið 7. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

10. gr.

Til réttindatíma, sbr. c-lið 7. gr., skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur haft atvinnutekjur. Atvinnutekjur teljast hvers konar laun, arður eða gróði, sem sjóðfélaga hlotnast af atvinnu sinni, hvort sem unnið er í þjónustu annarra eða að eigin atvinnurekstri. Hlunnindi skulu reiknuð á því verði, sem þau eru metin til skatts. Til atvinnu í þessu sambandi telst ekki aðstoð við atvinnurekstur hjóna, sem einvörðungu er færð sem frádráttarliður á skattframtali. Nánari ákvæði um, hvað teljast skuli til atvinnutekna, skulu sett með reglugerð.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

11. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunninn stig. Um grundvöll stigaútreiknings gilda ákvæði 1. málsg. 6. gr.

Atvinnutekjur, sem hlutaðeigandi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af til lífeyrissjóðs, skulu umreiknaðar í stig á þann hátt, að deilt skal í atvinnutekjur hvers árs með grundvallarlaunum ársins, sbr. 1. málsg. Þó skal í þessu sambandi aldrei reikna atvinnutekjur ársins hærrí en 10-föld iðgjöld, nema um sé að ræða iðgjaldagreiðslur samkvæmt bráðabirgðaákvæðum samkomulagsins frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um atvinnutekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, hvort sem um er að ræða tíma fyrir eða eftir árslok 1969, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar atvinnutekjur næstu starfsára á undan. Skulu atvinnutekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en eitt stig fyrir einstakt almanaksár,

ef stuðst er við skattframtal. Hafi iðgjöld, sem greidd hafa verið til lífeyrissjóðs eftir árslok 1969, ekki verið reiknuð með hliðsjón af atvinnutekjum og kauplagsbreytingum, er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málslíðar þessarar málsgr., að leggja atvinnutekjur til grundvallar við útreikning stiga.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en eitt stig, sbr. 2. málsgr.

Ákvæði 4.—6. málsgr. 6. gr. skulu gilda um útreikning stiga samkvæmt þessari grein.

### III. KAFLI Sameiginleg ákvæði.

#### 12. gr.

Eftirlaun samkvæmt I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að öryrkinn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem hinum látna var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærrí en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

#### 13. gr.

Nú á maður réttindatíma bæði samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, og skal þá taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og miðað við fjárhæð, sem greidd hefði verið samkvæmt hvorum kafla fyrir sig, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma samkvæmt báðum köflum.

Ákvæði 1. málsgr. skulu gilda, þegar um er að ræða réttindatíma samkvæmt lögum þessum ásamt réttindatíma samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bændu, sbr. 18. gr. laga nr. 101/1970.

Hafi maður auk launatekna, sem falla undir ákvæði 6. gr., og tekna af búvöruframleiðslu, sem veita rétt samkvæmt lögum nr. 101/1970, haft á einu og sama almanaksári aðrar atvinnutekjur, sbr. 10. gr., skal bæta slíkum atvinnutekjum við, þegar áunnin stig eru reiknuð, en þó skal slík viðbót aldrei hafa í för með sér, að

heildarstig á árinu fari fram úr þeim mörkum, sem tilgreind eru í 2. málsg. 6. gr. og 2. málsg. 11. gr. Réttindi skulu talin falla undir I. eða II. kafla eftir því, undir hvorn kaflann meirihluti stiga ársins fellur.

Nú hafa hjón stundað búskap og það hjóna, sem ekki hefur talist bóndi samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, hefur áunnið sér a. m. k. 2 stig samkvæmt lögum þessum án þess þó að uppfylla skilyrði laganna um lágmark réttindatíma, og skal þá búskapartíminn talinn til réttindatíma eftir því, sem við getur átt. Stig skulu ekki reiknuð vegna slíks búskapartíma. Fjárhæð lífeyris skal ákveðin í samræmi við 1. málsg.

#### 14. gr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 12. gr. Hafi maður eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Ef hlutaðeigandi hefur ekki getað öðlast rétt samkvæmt I. kafla, skal þó miðað við úrgöngu eftir 22. júní 1977 í stað 19. maí 1969. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18/1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarféлага, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

#### 15. gr.

Eftirlaun samkvæmt I. kafla greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Sama gildir um eftirlaun samkvæmt II. kafla, þó þannig, að umsjónarnefnd eftirlauna kemur í stað stjórnar lífeyrissjóðs, ef lífeyrissjóðsaðild er ekki til að dreifa.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi öðlast rétt til þeirra, og þau falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr. 1. málsg.

#### 16. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi samkvæmt I. kafla ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá. Umsjónarnefnd eftirlauna annast úrskurðun og greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla, sé ekki um lífeyrissjóðsaðild að ræða, enda hafi ráðherra ekki ákveðið aðra tilhögun, sbr. 18. gr.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknað frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn berst umsjónarnefnd eftirlauna.

#### 17. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnnum lífeyrissjóða, sbr. 16. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er umsækjendum, stjórnnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Lífeyrissjóði bænda er skylt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun, er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bænda viðbót við eftirlaun, sem greidd eru úr þeim sjóði bændum, sem áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt lögum þessum og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bænda.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt í hlutfalli við útgjöld til bóta-greiðslna, að meðtöldum uppbótum samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna.

#### 18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna.

Í reglugerð skal m. a. kveðið á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna, sbr. 4. og 9. gr., og heimilt er að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu. Þá skal ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 14. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi.

Í reglugerð er heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969. Enn fremur er þar heimilt að ákveða, að sleppt skuli skiptingu útgjalda milli kafla, svo og kröfum á hendur Lífeyrissjóði bænda í einstökum málum, þegar um lítinn hluta heildargreiðslunnar er að ræða.

#### 19. gr.

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þær á viðskiptareikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð um útgjaldahluta hans.

Ráðherra getur að fenginni umsögn umsjónarnefndar eftirlauna falið Tryggingastofnun ríkisins að taka við umsóknum og annast afgreiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla í þeim tilvikum, er hlutaðeigandi á ekki aðild að lífeyrissjóði.

#### 20. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

### IV. KAFLI

#### Uppbót á lífeyri.

#### 21. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyris-sjóðum, sem II. kafla samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiski-mannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1982 greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallar-laun samkvæmt 1. málsg. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftir-launa reiknar uppbót þessa.

Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1980—1982 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsg., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru

að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málsgr. Sama gildir um mismun, er fram kann að koma vegna þess, að reglur lífeyrissjóðs, sem aðild á að samkomulaginu, um hliðstæðar uppbætur til lífeyrisþega almennt eru hagstæðari lífeyrisþegum en ákvæði 1. málsgr.

22. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laga þessara, skal árin 1980—1982 greidd sams konar uppbót og kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. Skulu ákvæði 2. málsgr. 21. gr. um frádrátt vegna uppbótargreiðslna úr lífeyrissjóði gilda eftir því, sem við getur átt.

V. KAFLI

Fjárhagsákvæði.

23. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. greiðist að  $\frac{3}{4}$  hlutum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði og að  $\frac{1}{4}$  hluta úr ríkissjóði.

24. gr.

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. mgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóðs þar að lútandi, skal leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—82. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjáris milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

25. gr.

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977, skal skiptast sem hér segir:

1. Allir launaskattsgreiðendur, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, skulu greiða eftirlaunaiðgjald er nemur 0.5% af launaskattstofni eigin vinnu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1965, enda greiði þeir ekki iðgjöld af þeirri vinnu í lífeyrissjóð. Aldrei skal þó greiða eftirlaunaiðgjald af hærri launaskattstofni en sem á vantar, að greidd séu iðgjöld til lífeyrissjóðs vegna hlutaðeigandi manns af árstekjum miðað við fullt starf og 10% lífeyrissjóðsiðgjald.
2. Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.

3. Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysisstryggingasjóður standa undir kostnaði af þessari málsgrein með þeim hætti að ríkissjóður greiði 40%, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 30% og Atvinnuleysisstryggingasjóður 30%.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 2. og 3. lið 1. málsg. í byrjun hvers árs. Gjaldlagi hins áætlaða framlags er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæðis þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð í árslok 1982, sbr. 21. og 22. gr.

## VI. KAFLI

### 26. gr.

Lög þessi gildi frá 1. jan. 1980. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. sept. 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrisjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 um breyting á þeim lögum.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið á vegum endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis (17 manna lífeyrisnefndar), sem fjármálaráðherra skipaði árið 1976, en með þessari löggjöf er hrundið í framkvæmd þeim fyrirheitum, sem ríkisstjórnin gaf til að greiða fyrir samkomulagi launþega og vinnuveitenda um lífeyrismál í júní 1977.

Þegar frumvarp þetta var til umræðu á Alþingi vorið 1979 kom upp nokkur ágreiningur um fjárhagsákvæði þess og hafði verið uppi í lífeyrisnefndinni og varðaði hlutdeild lífeyrissjóða og Atvinnuleysisstryggingasjóðs í kostnaði af nýjum lífeyrisréttindum samkvæmt frumvarpinu, en jafnframt kom á Alþingi fram ágreiningur um tillögur um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga bæri hluta þessa kostnaðar að óbreyttum tekjustofnum sveitarfélaga. Í ljósi þessa samþykkti ríkisstjórnin sumarið 1979, að fjárhagsákvæði frumvarpsins skyldu tekin til endurskoðunar í því skyni að jafna ágreininginn um þau. Árangurinn varð sá, að samkomulag varð við fulltrúa Alpýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og atvinnurekenda í lífeyrisnefndinni um þau fjárhagsákvæði frumvarpsins, sem hér er gerð tillaga um, að öðru leyti en því sem snýr að aukinni hlutdeild Atvinnuleysisstryggingasjóðs í lífeyrisgreiðslum. Í því sambandi hafa fulltrúar launþega og atvinnurekenda í lífeyrisnefndinni bent á að staða Atvinnuleysisstryggingasjóðs sé slík, að hann sé ekki fær um að bæta á sig frekari álögum og að útgjöld þau sem hér um ræðir samrýmist ekki tilgangi sjóðsins. Ríkisstjórnin hefur á hinn bóginn talið eðlilegt, að fjárhagur sjóðsins verði styrktur með því, að öðrum útgjöldum verði létt af sjóðnum að sama skapi og mun frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi innan skamms. Ágreiningur um hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í lífeyrisgreiðslum samkvæmt tillögum þessa frumvarps hefur einnig verið jafnaður með því, að ákveðið hefur verið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái hlutdeild í þeirri hækkun söluskatts sem ákveðin var með bráðabirgðalögum nr. 73 10. september 1979. Þessi hækkun söluskatts er talin skila Jöfnunarsjóði um 800 m.kr. á árinu 1980 m.v. forsendur fjárlagafrumvarpsins, en á sömu kauplags-



forsendum gætu viðbótarútgjöld sjóðsins vegna þessa frumvarps orðið um 450 m.kr. Þegar allur kostnaður af hinum nýju lífeyrisréttindum er fram kominn.

Hin nýja tilhögun lífeyrismála, sem tillögur eru gerðar um með þessu frumvarpi, er annars vegar reist á lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélagum nr. 63/1971 og hins vegar á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál, sem fyrst var gert í tengslum við almenna kjarasamninga á árinu 1976, en síðar endurnýjað og útvíkkað í kjarasamningunum í júní 1977. Það samkomulag rennur út í árslok 1979, en aðilar að því, Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimanna-samband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna, hafa nú ákveðið að framlengja samkomulagið til ársloka 1980 eða til þess fyrri tíma að nýtt samkomulag verði undirritað í tengslum við þá kjarasamninga, sem framundan eru.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur jafnan verið reiknað með að nauðsynlegt væri að komið yrði á skylduaðild að lífeyrissjóðum. Var um þetta fjallað í athugasemdum hins fyrri frumvarps um eftirlaun aldraðra, sem fram var lagt á Alþingi vorið 1979, en þar segir:

„Sú ráðstöfun að tryggja tilteknum aldurshópum réttindi með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í II. kafla frumvarpsins, án þess að koma jafnframt á skylduaðild að lífeyrissjóðum fyrir hlutaðeigandi stéttir og starfsgreinar, hefur óhjákvæmilega í för með sér misræmi. Í fyrsta lagi er þess skammt að bíða, að elstu árgangar þess fólks, sem ekki uppfyllir það skilyrði að vera fætt árið 1914 eða fyrr, nái ellilífeyrisaldri og verði að verulegu leyti án lífeyrisréttinda, og við fráfall kemur þetta misræmi í ljós þegar eftir gildistöku hinna nýju ákvæða. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði, er koma í veg fyrir, að menn geti hætt við lífeyrstryggingu, er þeir njóta nú og notið í staðinn réttinda samkvæmt II. kafla frumvarpsins. Verður að teljast óeðlilegt, að krafist sé fullrar greiðslu af þeim, sem orðið hafa eða kosið að gerast félagar í lífeyrissjóði, en hinir, sem látið hafa þátttöku undir höfuð leggjast, öðlist réttindi án greiðslu, ekki einungis fyrir liðinn tíma, heldur einnig framvegis. Af þessum ástæðum ber að stefna að því, að þegar á árinu 1979 verði komið á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn, sem þátttökuskylda nær enn ekki til samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Við slíka lagasetningu er eðlilegt, að hliðsjón sé höfð af þeim bótaákvæðum, sem nú eru almennust hjá lífeyrissjóðum. Höfuðvandinn er hins vegar sá, hvernig afmarka skuli þann hóp manna, sem skylduaðildin á að ná til, og hvernig innheimtu skuli hagað. Fjöldi manna vinnur störf, sem þegar eru tryggingarskyld, en gegnir jafnframt öðrum störfum í mismiklum mæli. Enn fremur kveður nokkuð að frjálsri lífeyrissjóðsaðild manna vegna starfa, sem ekki eru tryggingarskyld, og getur þótt rétt að taka tillit til slíks.

Að lokum skal athygli vakin á því, að lög nr. 63/1971 taka til manna, sem náð höfðu 55 ára aldri í ársbyrjun 1970, þegar hinir almennu lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga tóku til starfa. Þeir, sem fæddir eru árið 1923 og enn hafa ekki öðlast aðild að lífeyrissjóði, verða því í ársbyrjun 1979 í sömu aðstöðu og menn fæddir 1914 voru í ársbyrjun 1970. Auk skylduaðildar frá 1979 yrði því þörf sérstakra ráðstafana vegna árganganna 1915—1923.“

Frumvarp til laga um skylduaðild að lífeyrissjóðum hefur nú verið undirbúið og er lagt fram um leið og þetta frumvarp.

Af efni þessa frumvarps er hér fyrst fjallað um hinar endurskoðuðu tillögur um fjárhagsákvæði en athugasemdir um önnur ákvæði frumvarpsins eru hér endurprentaðar óbreyttar frá fyrri frumvarpi.

Í fjárhagstillögum þessa frumvarps er gert ráð fyrir, að fjárhagsgrundvöllur eftirlauna skv. lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum og II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda verði efnislega óbreyttur. Þannig verði kostnaður af greiðslu eftirlauna skv. lögum nr. 63/1971 áfram borinn af Atvinnuleysistryggingasjóði að  $\frac{3}{4}$  og ríkissjóði að  $\frac{1}{4}$  en af eftirlaunum skv. II.

kafla laga um Lífeyrissjóð bænda ber ríkissjóður nú 62.5% en Stofnlánadeild landbúnaðarins 37.5% og er ekki gert ráð fyrir að á því verði nein breyting. Þessi kostnaður er alls talinn nema 1 010 m.kr. Þá er í frumvarpinu reiknað með, að aðildarsjóðir að lífeyrissamkomulagi ASÍ, FFSÍ og vinnuveitenda kosti áfram sjálfir hina sérstöku uppbót á eftirlaun skv. lögum nr. 63/1971, eins og hingað til, en þó með þeirri breytingu að sameiginlegt framlag þeirra til þessara greiðslna hækki úr 4% í 5% af iðgjaldtekjum. Þessi uppbótarkostnaður er talinn nema 1 065 m.kr.

Á hinn bóginn er lagt til, að kostnaður af hinum nýju eftirlaunum og uppbót á þau, alls áætlað 1 350 m.kr., svo og uppbót á eftirlaun Lífeyrissjóðs bænda, um 330 m.kr., verði borinn af sameiginlegum sjóði, sem myndaður verði þannig, að þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að lífeyrissamkomulagi ASÍ, FFSÍ og vinnuveitenda, greiði 5% af iðgjaldtekjum sínum eða um 470 m.kr., sjálfstæðir atvinnurekendur greiði eftirlaunaiðgjald sem nemi 0.5% af launaskattstofni eða um 200 m.kr. en ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður greiði það sem á vantar. Hér er um ný útgjöld að ræða nema hvað snertir Lífeyrissjóð bænda, sem áður stóð einn undir greiðslu uppbótar á eftirlaun sín. Uppbót þessi er talin verða um 28—29% af iðgjaldtekjum sjóðsins á þessu ári, en til samanburðar má nefna, að uppbótargreiðslur sjóða, sem aðild eiga að lífeyrissamkomulagi ASÍ, FFSÍ og vinnuveitenda, nema að meðaltali 9—10% af iðgjaldtekjum sjóðanna, en útgjöld einstakra sjóða eru þó raunar mun hærri.

Fjárhagsáætlanir frumvarps þessa eru hér settar fram á sérstöku fylgiskjali. Áætlanirnar eru unnar í ársbyrjun 1979 og sýna fjárhæðir miðað við áætlað meðal-kauplag ársins 1979. Tekið skal fram, að meðal-kauplag ársins verður í reynd um 9½% hærra en reiknað var með í áætluninni í ársbyrjun og kauplag í desember 1979 er áætlað vera 26% hærra en ársmeðaltalið. Reiknað á desemberkaupi má því ætla, að heildarútgjöld vegna þessa frumvarps verði 38% hærri en fjárhagsáætlunin sýnir og gæti því orðið röskir 5 milljarðar króna. Rétt er að benda á, að miðað við fyrri breytingar á lífeyrisgreiðslum, bæði hjá Umsjónarnefnd eftirlauna og Tryggingastofnun ríkisins, má gera ráð fyrir að töluverður tími geti liðið þangað til umsóknir hafa borist frá öllum þeim sem öðlast lífeyrisréttindi samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, en fjárhagsáætlunin er engu síður við það miðuð að kerfið nái að fullu til allra réttihafa þegar á árinu 1980.

Við endurskoðun þessa frumvarps hafa engar breytingar verið gerðar á bóta-ákvæðum þess frá því sem var er frumvarpið var fyrst lagt fram á s. l. vori. Athugasemdir um forsögu málsins og efni frumvarpsins fara hér á eftir óbreyttar:

Einn þáttur hinna almennu kjarasamninga, sem gerðir voru í júnimánuði 1977, var samkomulag samtaka launþega og vinnuveitenda um lífeyrismál. Í samkomulagi þessu er m. a. kveðið á um tveggja ára framlengingu þeirrar verðtryggingar lífeyrisgreiðslna til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem um hafði verið samið í febrúar 1976 og gilda átti til ársloka 1977. Útgjöld vegna verðtryggingar þessarar eru borin af lífeyrissjóðum á samningssviði aðila samkvæmt sérstökum samstarfs-samningi þar að lútandi.

Til þess að greiða fyrir ofangreindu samkomulagi hét ríkisstjórnin að heita sér fyrir tilteknum breytingum á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og fleiri ráðstöfunum jafnframt því, að áfram skyldi unnið að undirbúningi samfellds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn. Meðal þeirra ráðstafana voru eftirtalin tvö atriði, sem enn hefur ekki verið hrint í framkvæmd:

- a. Fyrirheit um að tryggja í samvinnu við sveitarfélögin og ríkisbankana því fólki, sem lýkur starfsævi sinni í þjónustu hins opinbera og ekki á betri rétt í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, sama lágmarksrétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og samkomulag aðila færa þeim, sem þeirra njóta.

b. Fyrirheit um, að samdar skyldu tillögur, sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögín um eftirlaun aldraðra ákveða félögum í stéttarfélögum, fram til þess að nýskipan lífeyriskerfis tekur gildi.

Í meðfylgjandi lagafrumvarpi er gert ráð fyrir, að framangreind tvö atriði verði leyst með þeim hætti, að í stað laga nr. 63/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 33/1976 og lög nr. 67/1977, komi nýr lagabálkur um eftirlaun til aldraðra. Um mál þetta hefur verið fjallað af þeim tveimur nefndum, sem ríkisstjórnin skipaði árið 1976 til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins í landinu. Önnur nefndin er skipuð 17 mönnum og er ætlað að vera vettvangur fyrir heildarendurskoðun lífeyrismála í landinu. Innan þessarar nefndar hefur starfað sjö manna lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, en hana skipa þrjú menn af hálfu Alþýðusambandsins, þrjú af hálfu vinnuveitenda og einn maður skipaður af fjármálaráðherra. Sjö manna nefndin hefur einkum fjallað um lífeyrismálefni á samningssviði ASÍ og vinnuveitenda og m.a. undirbúið fyrrnefnt samkomulag um lífeyrismál og gert tillögur um nauðsynlegan atbeina ríkisvaldsins í því sambandi bæði að því er varðar löggjafar- og framkvæmdaatriði. Starfshópur á vegum 17 manna nefndarinnar hefur síðan unnið að gerð frumvarpsins.

Lögín um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögnum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það, sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af atvinnuleysistryggingasjóði að  $\frac{3}{4}$  og ríkissjóði að  $\frac{1}{4}$ , en síðan tækju hlutaðeigandi lífeyrissjóðir við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því, að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum lífeyrissjóðanna, var fjárhagsgrundvöllurinn, og því var gert ráð fyrir, að lögín féllu úr gildi í árslok 1984.

Eftir því sem verðbólga magnaðist, lækkaði hlutfallið milli lífeyrisfjárhæða samkvæmt lögnum um eftirlaun til aldraðra og launa, þar eð verðtrygging lífeyrisgreiðslna var mjög takmörkuð samkvæmt ákvæðum laganna. Úr þessu var bætt til bráðabirgða með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976, og skyldu lífeyrisgreiðslur breytast tvisvar á ári til samræmis við launahækkanir. Frá 1977 hafa greiðslur breyst ársfjórðungslega. Eins og áður er sagt, bera lífeyrissjóðir á samningssviði aðila útgjöld vegna þessarar verðtryggingar. Árið 1977 munu heildarútgjöld samkvæmt lögnum hafa numið rúmlega 700 millj. kr., og þar af hefur hluti lífeyrissjóðanna verið um 400 millj. kr. Ef drægi úr verðbólgu, mundi þátttaka sjóðanna í útgjöldum þessum minnka að sama skapi.

Réttindi samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum takmarkast við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Er sú takmörkun í samræmi við áðurnefndan fjárhagsgrundvöll, þar sem atvinnuleysistryggingasjóður bar  $\frac{3}{4}$  hluta útgjaldanna, áður en hinar sérstöku verðtryggingaráðstafanir komu til sögunnar. Það er enn fremur skilyrði, að hlutaðeigandi verkalýðsfélag hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði, þ. e. að yngri mönnum séu tryggð eigi lakari réttindi en þau, sem lögín veita hinum eldri. Réttindi vegna tíma eftir að skylduaðild hefur verið komið á (yfirleitt frá ársbyrjun 1970), fer eftir iðgjaldagreiðslum, en til þess tíma er — að ákveðnu marki — miðað við launatekjur, sem gjaldskyldar hefðu talist, ef hlutaðeigandi lífeyrissjóðir hefðu verið starfandi.

Árið 1970 voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda, og í II. kafla þeirra laga eru ákvæði um lífeyrisréttindi til handa öldruðum bændum, svipuð réttindum samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Útgjöld eru borin að hluta af Stofulánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði. Þá hefur líf-

eyrissjóðurinn frá árinu 1976 tekið á sig útgjöld vegna sérstakrar verðtryggingar, sbr. það, sem að framan er sagt um samkomulag launþega og vinnuveitenda, og hafa þau útgjöld reynst þungur baggi vegna óhagstæðrar aldursskiptingar bænda og mikillar verðbólgu. Þess má enn fremur geta, að verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp, sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

Helstu breytingar, sem í meðfylgjandi frumvarpi felast, eru þessar:

1. Fellt er niður skilyrði um aðild að stéttarfélagi.
2. Fellt er niður skilyrðið um skylduáðild að lífeyrissjóði.
3. Í stað gjaldskyldra launatekna er gert ráð fyrir að vinnsla réttinda geti miðast við atvinnutekjur samkvæmt skattframtölum.

Frumvarpið skiptist í kafla, m. a. vegna tvenns konar tekjugrundvallar. Í I. kafla er fjallað um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, og er þar ekki um efnisbreytingar að ræða frá núgildandi lögum. Í II. kafla er kveðið á um réttindi þeirra, sem hvorki eiga rétt samkvæmt I. kafla frumvarpsins né lögum um Lífeyrissjóð bænda.

Í III. kafla eru sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, tengsl milli I. kafla frumvarpsins, II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda og II. kafla frumvarpsins og framkvæmd. Heimildarákvæði 8. gr. laga nr. 63/1971 um árlega hækkun bótafjárhæða er fellt inn í 12. gr. frumvarpsins sem lögbundið ákvæði. Heimild þessi hefur verið notuð á hverju ári til þessa, og beiting hennar verður að teljast ein af forsendum samkomulags launþega og vinnuveitenda um þá sérstöku uppbót, sem áður er nefnd. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar frá núgildandi lögum að ræða á bótaákvæðum, er varða rétt manna, sem einvörðungu falla undir I. kafla. Leitast er við að gera ákvæði um réttindi manna, sem á þeim hluta starfsævinnar, er máli skiptir í þessu sambandi, og hafa ýmist fallið undir ákvæði I. kafla frumvarpsins, II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda eða II. kafla frumvarpsins, þannig úr garði, að til undantekninga teljist, að athuga þurfi réttindi eins og sama umsækjanda hjá fleiri en einu þessara kerfa fyrir sama tímabil. Með hliðsjón af breyttum aðstæðum, sem samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér í sambandi við afgreiðslu umsókna og framkvæmd eftirlaunagreiðslna, eru í frumvarpinu nánari ákvæði um framkvæmd en í núgildandi lögum.

Í IV. kafla eru ákvæði um uppbót á þann lífeyri, sem greiða skal samkvæmt I. og II. kafla frumvarpsins. Uppbótarákvæðin eru í samræmi við samkomulag A.S.Í. og vinnuveitenda frá 22. júní 1977, en gert er ráð fyrir gildistíma til ársloka 1982 í stað ársloka 1979.

Það er vandkvæðum bundið að áætla með viðunandi nákvæmni fjölda þeirra manna, sem öðlast lífeyrisrétt samkvæmt hinum nýju ákvæðum frumvarpsins. Athugun á fjölda fólks 70 ára og eldra, atvinnugreinaskiptingu, aðild að lífeyrissjóðum og eftirlaunagreiðslum samkvæmt lögum nr. 63/1971 og II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, bendir til, að fjöldi nýrra lífeyrisþega frá ársbyrjun 1979 yrði um 3 000. Gerður hefur verið samanburður við atvinnugreinaskiptingu frá 1968, en sú athugun gefur aðeins grófa vísbendingu um samsetningu þessa hóps. Ljóst er, að mikill hluti hinna nýju lífeyrisþega kemur úr hópi þeirra, sem stundað hafa sjálfstæðan atvinnurekstur, en einnig er um að ræða launþega, sem ekki hafa stundað störf, sem gjaldskyld eru samkvæmt samkomulagi A.S.Í. og vinnuveitenda frá 1969. Þá munu allmargir, sem skipt hafa um starf á síðari hluta starfsævinnar, öðlast réttindi vegna þeirra tengsla, sem samkvæmt frumvarpinu verða milli I. kafla, II. kafla og laganna um Lífeyrissjóð bænda. Langflestir hinna nýju lífeyrisþega eru nú án réttinda í lífeyrissjóðum, en nokkur hluti þeirra er þó félagar í lífeyrissjóðum, en eiga þar lítill réttindi vegna skamms iðgjaldagreiðslutíma eða takmarkaðrar verðtryggingar lífeyris.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 63/1971. Ákvæði 2. málsgr. er hins vegar í 23. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega hin sömu og 2. gr. laga nr. 63/1971.

Um 3. gr.

Í 2. málsgr. hefur verið tekið upp orðalag 2. gr. reglugerðar nr. 218/1971. Efnislega eru ákvæði greinarinnar óbreytt frá nágildandi ákvæðum 3. gr. laga nr. 63/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1976 og 1. gr. laga nr. 67/1977.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 63/1971. Ákvæði 3. málsgr. eru í 18. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 1.—3. málsgr. 5. gr. laga nr. 63/1971, en ákvæði 4. málsgr. eru í 13. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laga nr. 63/1971 að öðru leyti en því, að með viðbót við 3. málsgr. eru ákvæði gerð skýrari.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um skilyrði fyrir eftirlaunarétti þeirra, sem hvorki eiga rétt samkvæmt I. kafla frumvarpsins né II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Um réttindi þeirra, sem eiga að baki réttindatíma í tveimur þessara eftirlaunakerfa eða þeim öllum, er fjallað í 13. gr. Um ákvæði þessi skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar um örorku- og makalífeyri eru hliðstæð ákvæðum 3. gr. Tekið skal fram, að tilgangurinn með örorkulífeyrisákvæðunum, sem sett voru með lögum nr. 33/1976, var annars vegar sá að auka réttindi margra þeirra, sem mjög lágan lífeyri fengu vegna skamms réttindatíma, og hins vegar, að tími frá orkutapi til ellilífeyrisaldurs yrði reiknaður með réttindatíma slíkra manna, þegar til úrskurðar ellilífeyris kæmi. Skilyrðið um, að réttur til örorkulífeyris hafi skapast hjá lífeyrissjóði, takmarkar mjög fjölda þeirra, sem öðlast geta slíkan rétt samkvæmt II. kafla frumvarpsins. Ef fallið væri frá þessu skilyrði og gert ráð fyrir sjálfstæðum úrskurði umsjónarnefndar um örorku, þyrfti á hinn bóginn langtum ítarlegri ákvæði um grundvöll örorkumats, biðtíma o. fl.

Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð 4. gr., en í stað launatekna kemur hugtakið atvinnutekjur. Oft er vandkvæðum bundið að skera úr um, að hve miklu leyti atvinnutekjur manna, er stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, byggjast á eigin vinnuframlagi, og er orðalag 4. og 9. gr. því ekki samhljóða að öllu leyti.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð 5. gr., en í stað launatekna af tilteknu tagi koma hér atvinnutekjur almennt. Hér er átt við hreinar atvinnutekjur, þ. e. eftir að kostnaður við öflun teknanna hefur verið dreginn frá. Gert er ráð fyrir, að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 6. gr. Í ákvæðum 2. málsg. felst þó verulegt frávik frá tilsvarandi ákvæðum I. kafla. Í fyrsta lagi eru réttindi eftir árslok 1969 samkvæmt I. kafla jafnan miðuð við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs (há verkstjórum er þó miðuð við árslok 1970, þar eð þeir komu á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði í ársbyrjun 1971). Samkvæmt II. kafla er iðgjaldagreiðsla til lífeyrissjóðs á hinn bóginn ekki skilyrði fyrir réttindavinnslu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að aldrei ávinnist meira en eitt stig á ári án iðgjaldagreiðslu samkvæmt II. kafla í stað 1.1 stigs samkvæmt I. kafla. Reynslan sýnir, að mjög margir launþegar í fullu starfi ávinna sér u. þ. b. eitt stig á ári í hinum almennu sjóðum verkalýðsfélaga, og þykir óeðlilegt að réttindi án iðgjaldagreiðslu samkvæmt II. kafla séu meiri.

Vegna mismunandi ákvæða lífeyrissjóða um gjaldskyldar tekjur og hundraðshluta iðgjalda (sem dæmi má nefna 7% af heildartekjum í stað 10% af dagvinnutekjum) er í 2. málslið 2. málsg. kveðið á um, hvornig réttindi skuli reiknuð, ef iðgjöld eru lægri en 10%. Þótt slíkt ákvæði sé ekki í lögum nr. 63/1971, hefur samkvæmt eðli máls og vegna tengsla lagasetningarinnar við samkomulagið frá 1969, sama regla verið látin gilda þar.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga nr. 63/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 33/1976.

Um 13. gr.

Í 1. og 2. málsg. er kveðið á um tengsl réttinda samkvæmt I. og II. kafla frumvarpsins, svo og um tengsl við II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Eru ákvæði þessi í samræmi við núgildandi ákvæði um tengsl eftirlaunaréttinda aldraðra félaga í stéttarfélögum og aldraðra bænda, sbr. 4. málsg. 5. gr. laga nr. 63/1971, 18. gr. laga nr. 101/1970 og 2. gr. laga nr. 35/1972.

Í 3. málsg. er kveðið á um samlagningu réttinda innan eins og sama almanaksárs. Með þeim takmörkunum, sem þar eru á slíkri samlagningu, ætti einungis í undantekningartilvikum að vera þörf skattframtala jafnframt upplýsingum um iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, ef um er að ræða tímabil eftir árslok 1969, og aðeins í örfáum tilvikum ætti að vera þörf endurupptöku mála umsækjenda, sem nú þegar njóta lífeyris samkvæmt lögum nr. 63/1971. Óvissa í þessu efni, sem valda mundi stórauðinni fyrirhöfn og seinkun afgreiðslu, er síðan breytti litlu sem engu um réttindi manna, er að sjálfsögðu óæskileg.

Ákvæði 4. málsg. er nýmæli. Réttindavinnsla bónda og húsfreyju samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda er samvinnuð á þann hátt, að aðeins annað hjóna telst sjóðfélagi, en á hinn bóginn öðlast kvæntur bóndi meiri lífeyrisrétt en ókvæntur samkvæmt II. kafla laganna. Bregði hjón búi og taki upp störf sem launþegar, nýtur bóndinn góðs af samlagningu réttindatíma, en maki hans fær samkvæmt gildandi lögum ekki tekið tillit til búskapartímans og verður því að ná 10 ára réttindatíma sem launþegi til þess að öðlast ellilífeyrisrétt samkvæmt lögum nr. 63/1971. Úr þessu er bætt með hinu nýja ákvæði.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 63/1971 að öðru leyti en því, að sett er tímamarkið 22. júní 1977 í þeim tilvikum, er tímasetningin 19. maí 1969 getur ekki átt við.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 10. gr. laga nr. 63/1971 og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin svarar til 11. gr. laga nr. 63/1971. Ákvæði 2. málsg. eru í samræmi við núverandi framkvæmd umsjónarnefndar og reglur almannatrygginga um greiðslu

lífeyris aftur í tímann. Að öðru leyti stafa breytingar af hinum nýju ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Um 17. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. laga nr. 63/1971 að öðru leyti en því, að sett eru ný ákvæði um skiptingu kostnaðar við störf nefndarinnar með hliðsjón af breyttum fjárhagsgrundvelli eftirlaunagreiðslanna. Þá er fellt niður ákvæði um samþykki forsætisráðherra, sem kveðið var á um með samkomulaginu 1969.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 13. gr. laga nr. 63/1971, og enn fremur eru þar ákvæði, sem nú eru í 3. málsg. 4. gr. laganna. Síðari málsliður 3. málsg. er nýr.

Um 19. gr.

Tilsvarandi ákvæði eru ekki í lögum nr. 63/1971, en með skírskotun til núverandi fjárhagsgrundvallar hafa bókhald umsjónarnefndar og greiðslur til lífeyrissjóða á úrskurðuðum eftirlaunum verið á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 1. málsg. 14. gr. laga nr. 63/1971, en ákvæði 2. og 3. málsg. þeirrar greinar er ekki lengur þörf.

Um 21. gr.

Ákvæði 1. málsg. um sérstaka uppbót eru samhljóða núgildandi bráðabirgða-ákvæðum laga nr. 63/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, að öðru leyti en því, að gildistími er 1980—1982 í stað 1977—1979. Í 2. málsg. hefur verið bætt við nýjum málslið, sem er í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur, en tekur af tvímæli um lagaheimild.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. málsg. 1. gr. laga nr. 63/1971.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða fjárhagsákvæðum bráðabirgðaákvæða laga nr. 63/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, að öðru leyti en um gildistíma, sem að er vikið í athugasemdum við 21. gr., og að reiknað er með 5% framlagi hlutaðeigandi lífeyrissjóða til uppbótargreiðslna í stað 4%.

Um 25. gr.

Um grein þessa skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 26. gr.

Gert er ráð fyrir gildistíma frá 1. jan. 1980, en ákvæði laga nr. 63/1971 gildi þó áfram um lífeyrisgreiðslur vegna tímabils fram til 1. sept. 1979, þótt greiðsla sé ekki innt af hendi fyrr en síðar. Þá verða útgjöld vegna uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda fyrir tíma til 1. sept. 1979 borin af þeim sjóði í samræmi við núgildandi ákvæði.

## Fylgiskjal 1.

### Fjárhagsáætlun varðandi eftirlaun til aldraðra.

A. Kostnaður	Áætlun 1979 M.kr.
I. Núverandi kerfi	
1. Eftirlaun skv. I. nr. 63/1971 .....	700
2. Eftirlaun skv. II. kafla I. nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda ..	310
3. Uppbót á eftirlaun skv. I. nr. 63/1971 .....	1 065
4. Uppbót á eftirlaun hjá Lífeyrissjóði bænda .....	330
Samtals	2 405
II. Ný eftirlaun og uppbót .....	1 350
III. Heildarkostnaður .....	3 755
B. Fjáröflun skv. frv.	
1. Kostnaður samkomulagssjóða af greiðslu uppbótar .....	1 065
2. Framlag annarra lífeyrissjóða en samkomulagssjóða, 5% af ið- gjaldatekjum .....	470
3. Eftirlaunaiðgjald sjálfstæðra atvinnurekenda, 0.5% af launaskatt- stofni .....	200
4. Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs af eftirlaunum skv. I. nr. 63/1971	525
5. Hluti Stofnlánadeildar landbúnaðarins í eftirlaunum bænda .....	116
6. Hluti ríkissjóðs skv. I. nr. 63/1971 .....	175
7. Hluti ríkissjóðs skv. I. nr. 101/1970 .....	194
8. Afgangur borinn	
40% af ríkissjóði 404	
30% af jöfnunarsjóði sveitarfélaga 303	
30% af Atvinnuleysistryggingasjóði 303 .....	1 010
Samtals	3 755

## Fylgiskjal II.

### Fjáröflun til lífeyrisgreiðslna. Fjárhæðir á heilu ári m. v. áætlað kauplag 1979.

Skipting fjáröflunar	M.kr.	%	Núverandi fjáröflun til eftirlauna aldraðra og lífeyrissjóðs bænda	
			M.kr.	%
Samkomulagssjóðir .....	1 065	28.3	1 065	44.3
Aðrir lífeyrissjóðir .....	470	12.5	330 <sup>1)</sup>	13.7
Eftirlaunaiðgj. atvinnurekenda .....	200	5.3	—	—
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	116	3.1	116	4.8
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	828	22.1	525	21.8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	303	8.1	—	—
Ríkissjóður .....	773	20.6	369	15.4
Alls	3 755	100.0	2 405	100.0

1) Lífeyrissjóður bænda, uppbót á eftirlaun greidd af sjóðnum sjálfum.